

Því úrskurðast:

Rjettarkrafa sú, er áfrýjendurnir hafa gjört um, að hinn áfrýjaði aukarjettardómur verði dæmdur ómerkur eða vísað frá, verður ekki tekin til greina. Þar á móti veitist þeim hæfilegur frestur til tilsvara í aðalefnum málsins.

Mánudaginn 16. desembermán.

Nr. 23/1878:

Rjettvísín

gegn

Þóru Eyjólfsdóttur.

Dómur:

Með aukarjettardómi Vestmanneyjasýslu gengnum 28. dag septembermán. þ. á. er hin ákærða, Þóra Eyjólfsdóttir, dæmd fyrir svik í 30 daga einfalt fangelsi og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til hins skipaða talsmanns hennar, hjeraðslæknis Þorsteins Jónssonar, 4 krónur. Að því endurgjald til þeirra, er tjón biðu af svikum hennar, snertir, þá er þeim í dóminum geymdur rjettur til skaðabóta hjá hinni ákærðu.

Þessum dómi hefur að beiðni hinnar ákærðu verið áfrýjað til yfirdómsins.

Samkvæmt undirrjettargjörðunum eru atvik máls þessa þau, er nú skal greina:

Fyrri part sumars, er leið, eða stuttu fyrir hvítasunnu, var hin ákærða, Þóra Eyjólfsdóttir, er þá var í fœðurhúsum, látin fara að Oddsstöðum til Þorsteins bónda Jónssonar þar, til þess að vera með barn. Skömmu eptir að hún kom þangað, tók hún út í hinni svo nefndu Tangabúðarverzlun á Vestmanneyjum ýmsan varning og ljet heimildarlaust færa húsbónda sínum,

Þorsteini Jónssyni, hann til skuldar. Síðan ljek hún það optar, að hún tók heimildarlaust út vörur, sumpart í reikning nefnds húsbónda síns og sumpart í reikning föður síns, bæði í Tangabúðinni, í Miðbúðinni og Austurbúðinni. Var hún, þegar rjettarrannsóknin var hafin gegn henni, búin að taka út í Tangabúðinni 15 kr. 48 a. virði, í Miðbúðinni fyrir 18 kr. 72 a. og í Austurbúðinni fyrir 5 kr. 32 a. Meiri part varnings þess, er hún þannig tók út, fjekk hún bústýru húsbónda síns, Sigríði Jónsdóttur, og sagði henni að munir þessir væru gjafir, mest frá föður sínum, en nokkuð frá snikkara einum á Eyjunum og nafngreindum kvennmanni þar. Hálfan klút gaf hún systur síni, en sjálf ljek hún sauma sjer fót úr nokkru af vefnaði þeim, er hún sveik út, eins og hún líka hafði í vörzlum sínum ýmsa af munum þeim, er hún hafði tekið út. Að því leyti snertir munaðarvörur þær, er hún komst yfir, og sem hún fjekk Sigríði bústýru, þá kveðst ákærða hafa fengið henni þær í þeim tilgangi að njóta með fram sjálf góðs af.

Með því hin ákærða, sem ekki áður hefur verið dæmd fyrir neitt afbrot, ekki var nema 13½ árs, þegar málið var höfðað gegn henni, kemur hjer til álita sakhæfi hennar, og verður yfirdómurinn í þessu efni að vera undirdómaranum samdóma um, að hún hafi vitað, að þetta athæfi hennar var hegningarvert. Að vísu hefur hin ákærða einungis kannast við, að hún hafi vitað, að þetta athæfi hennar væri óleyfilegt; en þegar litið er til þess, hve greinilega hún hefur svarað í prófunum og yfir höfuð til hinnar kjarkmiklu framgöngu hennar bæði þá er hún framdi verknadinn og meðan á rjettarrannsókninni stóð, virðist það engum efa bundið, að ákærða, þegar hún framdi afbrot sitt, hafi verið svo þroskuð að skilningi, að hún fyllilega hefur vitað, að verk

hennar var hegningarvert. Er því afbrot hennar af undirdómaranum rjettilega heimfært undir 253. gr. sbr. 37., 30. og 22. greinir hegningarlaganna. En með til-
liti einkum til þess, að hún hefur hlotið illt uppeldi virðist mega færa hina ídæmdu refsingu niður í 20 daga einfalt fangelsi. Með þessari breytingu ber að staðfesta undirrjettardóminn. Allan kostnað af áfrýjun málsins og þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 12 kr. til hvors þeirra, ber hinni ákærðu eptir málavöxtum að greiða.

Rekstur málsins í hjeradi hefur verið vítalaus og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærða, Þóra Eyjólfsdóttir, á að sæta einföldu fangelsi í 20 daga, að öðru leyti á dómur undirrjettarins óraskaður að standa. Svo greiði hún og allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað og þar á meðal málsfærslulaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Jóns Jónssonar og Páls Melsteðs, 12 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 27/1878:

Hið opinbera

gegn

Jakob presti Guðmundssyni.

D ó m u r :

Með dómi kveðnum upp fyrir lögregluþingi Reykjavíkur kaupstaðar 29. dag októbermán. þ. á. er presturinn síra Jakob Guðmundsson fyrir að hafa brotið gegn 5. grein tilskip. 26. febrúar 1872 um toll af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, með því ekki að